

(Eftir 2. umr. í Nd., 7. febr.)

Samhljóða þskj. 154 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Hver sá, sem á jörð, er undanfarið hefur verið í sérábúð, og rekur ekki búskap á henni sjálfur, er skyldur að byggja hana hæfum umsækjanda að dómi úttektarmanna.

Nú hefur eigandi jarðar nýttjað eignarjörð sína án þess að sitja á jörðinni og hvorki hann né fjölskylda hans hefur þar lögheimili, en tún jarðar fer í órækt, mannvirki niðast niður eða jörðin rýrnar, svo að sveitarfélagið biður hnekki af því, allt að dómi úttektarmanna, og skal þá sveitarstjórn krefjast þess, að jarðareigandi bæti það, sem áfátt er, innan tveggja missíra eða hann byggi jörðina frá næstu fardögum samkvæmt 1. málsg. Nú byggir jarðareigandi ekki jörðina að þessum fresti liðnum fyrir 15. febrúar, næst eftir að frestur er útrunninn, og skal honum þá skylt að bjóða sveitarstjórninni innan 6 daga að ráðstafa jörðinni gegn hæfilegu eftirgjaldi. Ef ágreiningur verður um eftirgjald, skulu úttektarmenn meta það, en hvor aðili um sig getur krafizt yfirmats samkvæmt 53. gr.

Sveitarstjórn getur krafizt þess, að landsdrottinn láti fylgja jörðinni nauðsynleg hús og mannvirki, er henni hafa áður fylgt, í ábúðarfæru ástandi og peningshús að minnsta kosti fyrir þá áhöfn, sem jörðin ber, er ábúandi tekur við henni, eða setji tryggingu fyrir, að svo verði gert, áður en ábúandi þarf að nota peningshúsin.

Sinni sveitarstjórn ekki hoði jarðareiganda um að ráðstafa ábúð á jörð hans samkvæmt grein þessari fyrir 15. apríl, er landsdrottinn skylt að auglýsa jörðina til ábúðar. Geti hann þá ekki byggt hana, má hann ráðstafa jörðinni næsta fardagaár, en skylt er honum að annast viðhald mannvirkja, svo sem girðinga, húsa, vatnsbóla og annars, er jörðinni tilheyrir, enn fremur að ganga þannig frá húsum og mannvirkjum, að hættulaust sé fyrir búfé.

Nú hefur jörðin verið í eyði í 3 ár eða lengur og rýrnað að búrekstrargildi af þeim sökum, og er þá jarðareiganda skylt að gefa hlutaðeigandi hreppi eða Landnámi ríkisins kost á að kaupa jörðina. Skal jörðin metin til slíkrar sölu af gerðardómi, sem skipaður sé þremur mönnum. Tilnefna aðilar sinn manninn hvor og hlutaðeigandi sýslumaður oddamann, og er hann formaður. Hafni þessir aðilar að kaupa samkvæmt þessu mati, er jarðareiganda heimilt að ráðstafa jörðinni sem hentast þykir. Hafi enginn not jarðarinnar að þessu gerðu, er landsdrottinn ekki skylt að greiða af jörðinni opinbera skatta, en önnur lögskil verður hann að inna af hendi, svo sem vegagjöld, fjallskilagjöld og kostnað við fyrirskipaðar smalanir heimalanda. Má krefjast sölu slíkra jarða til greiðslu á skuldum af þessum sökum, ef vanskil hafa orðið í þrjú ár eða lengur.

18. gr. hljóðar svo:

Nú sér landsdrottinn sér ekki fært að fullnægja þeim skyldum, sem á hann eru lagðar með lögum þessum, og skal hann þá bjóða við votta leiguliða jörðina til kaups fyrir það verð, er úttektarmenn meta, enda fái leiguliði gjaldfrest á  $\frac{3}{4}$  þess hluta kaupverðs, er kann að vera umfram veðskuldir, eigi skemmri tíma en þrjú ár gegn almennum útlánsvöxtum í Búnaðarbanka Íslands og veði í jörðinni næst á eftir áhvílandi veðskuldum með uppfærslurétti, og á seljandi heimtingu á, að hús séu váttryggð og kaupandi taki að sér veðskuldir. Nú gegnir landsdrottinn ekki þessari skyldu sinni, og getur þá leiguliði krafizt þess að fá jörðina keypta með þeim skilyrðum, sem um getur í 1. málslið þessarar málsgreinar.

Þegar úttektarmenn meta kaupverð jarðar samkvæmt 1. málsg., skal það metið með hliðsjón af gildandi fasteignamati, en jafnframt sé eðlilegt tillit tekið til framlags jarðareiganda til umbóta á jörðinni í tíð leiguliða, einnig búrekstrargildis jarðarinnar, þegar kaupin eru gerð, og breytinga, sem orðið hafa á verðgildi peninga, eftir að fasteignamat síðast fór fram.